



LANGANESBYGGÐ

29. aukafundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn mánudaginn 20. júlí 2015 og hófst kl 17:00

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson, Nína Björg Sæmundsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki. Oddviti bauð einnig nýjan skrifstofustjóra, Nínu Björgu Sæmundsdóttur velkomna til starfa.

Dagskrá:

1. Fundargerð 7. fundar íþróttá- og tómstundanefndar dags 1. júlí 2015.

Liður 1. Sparkvöllur.

Viðgerð á neti er komin í ferli, annað verður lagfært samhliða færslu á sparkvelli. Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir í fundargerð lagðir fram til kynningar.

2. Fundargerðir stjórnar Eypings nr. 266., 267., 268. og 269.

Lagðar fram til kynningar.

3. Erindi frá 4 nemendum úr Grunnskólanum á Þórshöfn.

Sveitarstjórn þakkar áhugavert erindi. Þar er lagt til að sett verði ákveðið leiktæki (hamstrahjól) í lystigarðinn á Þórshöfn. Lagt til að erindinu verði vísað til umhverfis- og skipulagsnefndar til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða.

4. Erindi frá Byggðastofnun vegna aflamarks dags. 26. júní 2015.

Lagt fram til kynningar.

5. Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 13. júlí 2015.

Lagt fram til kynningar.

6. Erindi frá stjórn Veðifélags Miðfjarðarár og Litlu – Kverkár.

Erindinu vísað til Umhverfis- og skipulagsnefndar til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða.

7. Erindi frá UMFL dags. 30. júní 2015.

Þorsteinn Ægir lýsir sig vanhæfan til að fjalla um þennan lið. Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða. Gunnólfur Lárusson, varamaður kemur í hans stað. Lagt til að sveitarstjóra verði falið að svara bréfinu í samræmi við stöðu og áform um nýbyggingu leikskóla. Samþykkt með 6 atkvæðum. Gunnólfur sat hjá. Gunnólfur vikur af fundi og Þorsteinn Ægir kemur aftur inn á fundinn.



LANGANESBYGGÐ

8. Framkvæmdir 2015.

Lagt fram minnisblað um kostnað vegna framkvæmda það sem af er 2015 og áætlun um það sem framundan er í framkvæmdum. Sveitarstjóri fór yfir stöðuna. Mikilvægt er að gæta ítrasta aðhalds í þeim framkvæmdum sem framundan eru. Samþykkt samhljóða.

9. Nýbygging leikskóla – Ráðning verkefnisstjóra.

Sveitarstjóri og oddviti fóru yfir aðdraganda máls er varðar ráðningu á verkefnisstjóra og hljóðvistarfræðings vegna nýbyggingar leikskóla. Sveitarstjóra er falið að ráða bæði verkefnisstjóra og hljóðvistarfræðing í samræmi við umræður á fundinum í samráði við oddvita. 5 samþykktu tillöguna. Þorsteinn var á móti. Hulda sat hjá.

10. Rekstraruppgjör janúar til maí.

Sveitarstjóri fór í stuttu máli yfir helstu niðurstöður uppgjörsins. Afkoma A sjóðs er undir áætlun. Afkoma A og B hluta er samtals betri en gert var ráð fyrir í áætlun og ræður þar mestu meiri tekjur í hafnarsjóð.

11. Skýrsla sveitarstjóra.

- Sveitarstjóri kynnti að breyting á samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Langanesbyggðar væri gengin í gegn.
- Sveitarstjóri kynnti að deiliskipulag skóla og íþróttamiðstöðvar væri gengið í gegn.
- Sveitarstjóri kynnti gögn frá Þjóðskrá Íslands um hækkun á fasteignamati.
- Sveitarstjóri fór yfir ýmis smærri verkefni sem hafa verið unnin á vegum sveitarfélagsins að undanfögnu.
- Þar sem þetta er síðasti fundur Sigríðar þakkar sveitarstjórn henni góð störf unnin í þágu sveitarfélagsins.

12. Finna fjörður – Staða verkefnis.

Oddviti fór yfir stöðu verkefnisins. Aðili frá Bremenports munu koma til landsins í ágúst til að fylgja eftir ýmis konar rannsóknum og samskiptum. Meðal annars verður farið í uppsetningu á veðurstöðvum og fastmerkjum. Einnig verða jarðvegsrannsóknir framkvæmdar en þessir liðir frestuðust í vetur vegna veðurs og í vor vegna slæms árferðis og seinkunar á fuglavarpi. Ýmis vinna er í gangi sem snýr að kynningu á verkefninu og samskiptum við hagsmunaaðila.

13. Trúnaðarfundur.

Fundi lokað og fundargerð færð í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:52